

6. bekkur íslenska kennsluáætlun 2018-2019

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Málrækt 2

Orðspor 1 og 2

Mál til komið

Skinna, Skrudda og Skræða

Ýmsar lestrarbækur

Ýmis verkefni af netinu

Ljósritað efni frá kennara

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir

Lestur

Verkefnavinna

Vinnubókarvinna

Ritun

Hlustun

Einstaklingsvinna

Paravinna/Hópavinna

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla

Lesfimiþróf MMS tekin í september, janúar og maí

Kannanir teknar jafnt og þétt yfir veturinn

Símat

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

2018 Fjalla 6.bekkur íslenska - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.

- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

2018 Fjalla 6.bekkur íslenska - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.

2018 Fjalla 6.bekkur íslenska - Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

2018 Fjalla 6.bekkur íslenska - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.